

AUGLÝSING

um fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns, innheimtuhlutfall í staðgreiðslu og persónuafslátt árið 2011.

Lögum samkvæmt ákveður og auglýsir fjármálaráðuneytið árlega fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns og innheimtuhlutfall í staðgreiðslu sem er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og meðalhlutfall útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Tekjuskattshlutfall á árinu 2011 verður 22,9% af tekjuskattsstofni að 2.512.800 kr., 25,8% af tekjuskattsstofni frá 2.512.801 kr. að 8.166.600 kr. og 31,8% af tekjuskattsstofni frá 8.166.601 kr. Meðalútsvar á árinu 2011 samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 14,41%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2011 verður því 37,31% af tekjuskattsstofni að 2.512.800 kr., 40,21% af tekjuskattsstofni frá 2.512.801 kr. að 8.166.600 kr. og 46,21% af tekjuskattsstofni frá 8.166.601 kr.

Sé tekjuskattsstofn annars samskattaðs aðila hærri en 8.166.600 kr. skal það sem umfram er skattlagt með 25,8% skatthlutfalli allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn þess tekjulægri er undir 8.166.600 kr., þó reiknast 25,8% skatthlutfall aldrei af hærri fjárhæð en 2.826.900 kr. við þessar aðstæður.

Samkvæmt A-lið 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal persónuafsláttur hvers einstaklings á árinu 2011 vera 530.466 krónur, eða 44.205 krónur að meðaltali á mánuði.

Fjármálaráðuneytinu, 23. desember 2010.

F. h. r.

Guðmundur Árnason.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.